



Alþingi  
Erindi nr. P 136/1416  
komudagur 23/36/1416<sup>09</sup>

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstæti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2009  
Tilvísun: 200903-0015

**Efni: Umsögn um 411. mál, stofnun hlutafélags um endurskipulagningu mikilvægra fyrirtækja.**

Alþýðusambandinu hefur borist umrætt mál til umsagnar og hefur haft það til skoðunar. Þess má geta í upphafi, að þegar eftir fall íslensku krónunnar og hrun bankanna setti ASÍ ásamt Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði í gang vinnu við að stofna sérstakan fjárfestingarsjóð til að vinna að endurskipulagningu atvinnulífsins. Ljóst var að eigið fé allmargra íslenskra fyrirtækja, einkum og sér í lagi þeirra stærri, var uppurið vegna falls krónunnar og taps á fjárfestingum í m.a. fjármála-fyrirtækjum. Í þeirri vinnu var m.a. hugað sérstaklega að þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum sem og mikilvægt þess að halda í mikilvæga verk- og tækniþekkingu í landinu, en verkefni ekki afmarkað við það. Niðurstaðan af þessari vinnu var að stofna sérstakan fjárfestingarsjóð, þar sem lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum kröfuhöfum gömlu bankanna, nýjum fjárfestum og ríkinu yrði boðin þátttaka í þessu endurreisnarstarfi. Áhersla var lögð á dreifða og opna eignaraðild, með skilgreindum siðferðilegum og samfélagslegum viðmiðunarreglum yrði beitt við val á fjárfestingarkostum. Óskað var eftir því við stjórnvöld og Alþingi að veittar yrðu heimildir til þess að útvíkka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna þannig að þeir gætu tekið þátt í þessu mikilvæga endurreisnarstarfi og var orðið við því.

Umrætt frumvarp byggir á hluta þessarar hugmyndar, þ.e. að standa að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja. Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að að þessu verði unnið. Hins vegar er ástæða til þess að beinlínis vara við því formi sem hér er lagt til, þ.e. að ríkið stofni opinbert hlutafélag sem eignaumsýslufyrirtæki. Ljóst má vera, að afar erfitt verður að ákveða hvaða fyrirtækjum eigi að bjarga og hverjum ekki. Að sama skapi kann að skapast samkeppni milli þeirra sem áhuga hafa á því að koma að endurreisninni og því vandamt fyrir ríkið að standa í slíkri samkeppni sem eigandi bankanna. Að sama skapi verður það vafalaust tilefni mikilla deilna, þegar stjórn þessa félags fer að beita sér fyrir

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is



endurskipulagningu á innviðum þeirra fyrirtæja sem fjárfest verður í. Slík gagnrýni mun vafalaust koma innan úr fyrirtækjunum sem og frá samkeppnisaðilum á markaði sem kann að finnast viðkomandi fyrirtæki þrengja að sér. Mikilvægt er að tryggja að hlutlægar, viðskiptalegar ástæður verði hafðar í fyrirrúmi við úrvinnslu þessara mála. Ein leið í því er að mati ASÍ að stuðla að dreifðu eignarhaldi slíkra eignaumsýslufélaga fremur en af hálfu opinbers umsýslufélags. Því er lagt til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt í að „fjármálaráðherra sé heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, eignaumsýslufélag, ....“ og stefnt verði að því að bjóða innlendum og erlendum fjárfestum aðkomu að fyrirtækinu. Þar með mun draga verulega úr þörf ríkisins á að skuldsetja sig til kaupa á hlutafé í þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum.

Einnig er bent á mikilvægi þess, að í lögum á Alþingi sé gætt að orðanotkun. Í frumvarpinu er tíðrætt um „ríkisbanka“ til aðgreiningar frá „öðrum íslenskum fjármálastofnunum“. Nú er það þannig, að fyrir hlutafélagavæðingu þeirra banka sem að sönnu voru ríkisbankar – reknir á beina ábyrgð ríkisins – var þetta nauðsynlegt. ASÍ er ekki kunnugt um, að það fyrirkomulag bankamála hafi verið tekið upp aftur. Þvert á móti hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar fundað sérstaklega með fulltrúum erlendra kröfuhafa um þátttöku þeirra í hluthafahópi nýju bankanna. Því leggur ASÍ til, að í stað hugtaksins „ríkisbankar“ verði vitnað til „nýju bankanna“.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson  
Forseti ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is